AUGLÝSING

um breytingu á Evrópusamningi um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl.

Hinn 1. janúar 1985 gekk í gildi viðbótarbókun við samning frá 28. apríl 1960 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækninga-, handlækninga- og efnarannsóknatækja, sem fengin eru að láni án endurgjalds, til notkunar í sjúkrahúsum og öðrum lækningastofnunum við sjúkdómsgreiningar eða aðgerðir. Bókun þessi var gerð í Strassborg 29. september 1982 og lögð fram til samþykktar 1. janúar 1983. Samkvæmt bókuninni verður Efnahagsbandalagi Evrópu heimilt að gerast aðili að samningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 4 25. febrúar 1988

AUGLÝSING

um uppsögn viðskiptasamnings við Frakkland.

Hinn 16. júní 1988 var erindaskiptum frá 24. maí 1966 um framlengingu samningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 sagt upp, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 216 og auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1966. Uppsögn erindaskiptanna miðast við 1. janúar 1989 og fellur samningurinn jafnframt úr gildi þann dag.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. febrúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 5 30. maí 1988

AUGLÝSING

um uppsögn framsalssamnings við Ástralíu.

Hinn 22. maí 1988 var samningi milli Íslands og Ástralíu frá 31. maí 1873 um framsal sakamanna sagt upp, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 180. Uppsögnin miðast við 23. nóvember 1988 og þá fellur jafnframt úr gildi viðbótarsamningur frá 25. október 1938, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 182.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. maí 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.